




## Engjavegur 7 – Byggingarleyfisumsókn


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2026 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júní 2026 þar sem sótt er um heimild til að koma fyrir einingahúsi, mhl.04, úr yleiningum, með salernis- og búningastöðu við gervigrasvöll ípróttafélagsins Þróttar á lóð nr. 7 við Engjaveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag m.s.br. 2021



Afstöðumynd úr byggingarleyfi

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin innan *Ípróttasvæðis ÍB1 – Laugardalur*.

**Deiliskipulag/ Hverfisskipulag:** Í gildi er deiliskipulag fyrir Laugardal, samþykkt hjá Skipulagsstjóra ríkisins 30. janúar 1987, ásamt síðari breytingum.

Gerð var deiliskipulagsbreyting fyrir umrætt svæði sem tók gildi 2021 þar sem byggingarreitur er stækkaður úr 116 m<sup>2</sup> í 230 m<sup>2</sup>. Innan hans er heimilt að byggja allt að 200 m<sup>2</sup> hús. Lóð B gervigrasvallar (áður Valbjarnarvallar) er minnkuð úr 26.570 m<sup>2</sup> í 25.230 m<sup>2</sup>.

### Niðurstaða

- Innan byggingarreits er þegar byggður matshluti 3 (mhl:03) geymslu- og tæknirými, 46,2 m<sup>2</sup>.
- Fyrirhugað mannvirki (mhl:04), 44 m<sup>2</sup> er innan byggingarreits og staðsett innan lóðamarka lóðar B. Byggingarmagn þess rúmast innan skilmála deiliskipulagsins.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls





*samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir  
verkefnastjóri